

Þvi dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Sigurgeir Sófus Gissurarson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 8/1902:

Réttvísinn

gegn

Stefáni Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 18. nóvbr. f. á., var hinn ákærði, Stefán bóndi Jónsson á Skinnalóni, sem er skipaður stefnuvottur í Presthólahreppi, dæmdur fyrir óhlýðni við löglegar fyrirskipanir yfirboðara sinna samkv. 143. sbr. við 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í 15 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 4 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. Þessum dómi hefir eftir ósk hins ákærða verið áfrýjað til yfirdómsins.

Með bréfi dags. 24. janúar f. á. sendi hreppstjórinn í Presthólahreppi ákærða, sem, eins og áður er sagt, var skipaður stefnuvottur þar, hæsta-

réttardómsgjörðir í sakamáli og skoraði á hann, eftir undirlagi sýslumanns, að birta hæstaréttardóminn á löglegan hátt hinum dómfelda, ásamt hinum stefnuvottinum í hreppnum. Ákærði snti að engu bréfi þessu, og itrekaði þá hreppstjórinn áskorun sína í bréfi dags. 18. febr. næst á eftir, en ákærði svaraði því þá bréfllega á þá leið, að hann mundi eigi birta dóminn fyr en hann fengi borgun greidda fyrirfram fyrir birtinguna. Hinn 1. apríl s. á. tilkynti hreppstjórinn ákærða bréf sýslumanns, þar sem hann tekur það fram, að eigi geti komið til mála, að ákærði geti heimtað fyrirfram borgun fyrir birtingu á dómum í sakamálum, er hið opinbera annist birting á, og að framferði ákærða geti bakað honum ábyrgð. Jafnframt skoraði hreppstjórinn í bréfinu á ákærða að framkvæma birtinguna tafarlaust. Ákærði endursendi þá hreppstjóranum dómsgjörðirnar, en birti eigi dóminn að heldur. Loks ritaði sýslumaður ákærða bréf 28. maí f. á. og skipaði honum eftir fyrirlagi amtmanns, er hann hafði borið málið undir, að birta tafarlaust sakamálsdóminn, og skýrði honum frá því um leið, að amtmaður hefði fyrirskipað sakamálshöfðun gegn honum, ef hann eigi hlýðnast skipuninni. Með þetta bréf fór hreppstjóri Presthólahrepps sjálfur til ákærða og reyndi að fá hann til að vera með sér að birtingu dómsins, en ákærði neitaði enn að framkvæma birtinguna, nema því að eins að hann fengi birtingarkostnaðinn fyrirfram borgaðan, og gaf hann hreppstjóranum skriflega yfirlýsingu sína þar

að lútandi. Var síðan birtingin á umræddum sakamálsdómi framkvæmd af öðrum.

Með greindu framferði sínu hefir ákærði, sem er opinber sýslunarmaður, sýnt itrekada óhlýðni við löglegar skipanir yfirboðara sinna, og með því gerst brotlegur gegn fyr tilvitnuðum greinum alm. hegningarlaga, og þykir refsing sú, sem hann, er kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, hefir til unnið, hæfilega ákveðin 50 kr. sekt til lands-sjóðs eða 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd í tæka tíð. Með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm með greindri breytingu á refsingunni. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóm-inn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó þannig, að hin ídæmda sekt sé 50 kr. og vara-refsingin 15 daga einfalt fangelsi. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málf lutnings-laun sækjanda og verjanda málsins fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd sekt greiðist.

innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 2. júnímánaðar.

Nr. 43/1901. Oddur Gíslason fyrir hönd H. Th. A.
Thomsens verzlunar í Reykjavík

gegn

Finnboga Árnasyni.

D ó m u r:

Með skjali, dags. 12. maí 1900, gekk stefndi Finnboði Árnason búsmáður í Reykjavík í ábyrgð fyrir skilvísa borgun á því, sem tengdasonur hans, þáverandi kaupmaður hér í bænum, Runólfur Pétursson, kynni að fá til láns eða í umboðssölu frá verzlun H. Th. A. Thomsens. Fám dögum síðar hófust síðan töluverð viðskifti af Runólfs hendi við verzlunina með vöruúttekt og jafnaðarlegum innborgunum, sem hélzt til loka ársins, en hætti þá algjörlega, og var þá Runólfur orðinn skuldugur verzluninni um 1871 kr. Runólfur gaf út 9. maí f. á. skriflega viðurkenningu um að hann skuldaði verzluninni téða upphæð, en með því að hann lét hana ógreidda, var af áfrýjanda látið fram fara kyrsetningargjörð hjá honum 10. júní s. á., en Runólfur gat þá eigi vísað á neitt til tryggingar skuldinni nema lítilfjörlega muni, sem virtir voru samtals á 11 kr. 50 a. Áleit þá áfrýjandinn, að aðgangurinn væri að stefnda sem ábyrgðarmanni fyrir skuldinni, og með því að stefndi vildi eigi